

**74. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
16. janúar 2018 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Rakel Óskarsdóttir varamaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir varamaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hallbera Fríður Jóhannesdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1712150 - Laugar - skólaferðalag**

Erindi frá nemendum 9. bekkjar Grundaskóla.  
Sigríður Indriðadóttir viku af fundi.  
Ingibjörg Valdimarsdóttir viku af fundi.

*Skóla- og frístundaráð þakkar nemendum Grundaskóla fyrir erindið en ekki er hægt að verða við því.*

*Skóla- og frístundaráð skilur sjónarmið sem koma fram og felur sviðstjóra að vinna með stjórnendum og nemendum beggja grunnskólanna og Þorpsins til að skapa tækifæri að viðburði fyrir 9. bekk sem tekur mið af þeim markmiðum sem koma fram í erindinu.*

*Rakel Óskarsdóttir viku af fundi  
Sigríður Indriðadóttir tekur sæti á fundinum  
Ingibjörg Valdimarsdóttir tekur sæti á fundinum*

*Áheyrnarfulltrúi Anney Ágústsdóttir tekur sæti á fundinum*

**2. 1801143 - Starfsemi leikskóla - sumarlokun 2018**

Ákvörðun um sumarlokun leikskóla sumarið 2018

*Rakel Óskarsdóttir varamaður viku af fundi.  
Sigríður Indriðadóttir tekur sæti á fundinum.  
Ingibjörg Valdimarsdóttir tekur sæti á fundinum.*

*Skóla- og frístundaráð leggur til að farið verði að tillögu leikskólastjóra um að lokað verði í 4 vikur og lögð verður fyrir foreldra skoðunakönnun varðandi lokunartíma. Lagt er til við bæjarráð að fjármagn fái fyrir orloftöku starfsmanna umfram fjórar vikur sem nemur 1,64 stöðugildi til viðbótar við núverandi fjárhagsáætlun, miðað við meðallaun.*

*Áheyrnarfulltrúi Anney Ágústsdóttir viku af fundi.*

*per*

**3. 1801089 - Klifurfélag ÍA - uppbygging á fjölnota aðstöðu**

Erindi Klifurfélagsins / Smiðjuloftsins ehf. vegna uppbyggingar á fjölnota aðstöðu.

Skóla- og frístundaráð þakkar erindið.

Skóla- og frístundaráð leggur til að þegar starfsemi hefst í nýju húsnæði að klifurfélagið sæki um rekstrarsamning og felur sviðstjóra að vera í nánú samstarfi við félagið.

**4. 1801090 - Keilufélag Akraness - rekstrarsamning 2018**

Erindi frá Keilufélaginu um endurnýjun á rekstrarsamningi.

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að gerður verði rekstrarsamningur við Keilufélagið til eins árs og staðan endurskoðuð fyrir árið 2019 í samræmi við stefnumörkun Keilufélagsins.

**5. 1801092 - Dagforeldrar - verklagsreglur**

Tillaga að breytingum á grein 2, 3, 5, 7 og 11 í reglum um niðurgreiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögur að breytingum á verklagsreglum.

**6. 1711170 - Styrkir vegna menningar- íþróttá- og atvinnumála 2018**

Umsóknarfrestur um styrki úr styrktarpotti menningar-, íþróttá- og atvinnumála rann út 17. desember sl. fyrir úthlutun á árinu 2018.

Tillaga lögð fram um forgangsöröðun undir íþróttamál.

Tillagan samþykkt.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.**

Þórunn Guðjónsdóttir  
Sigríndur  
Sigríður Valdimarsdóttir  
Astrídur Ólaf Ragnarsdóttir  
Sigrún Inga Guðnadóttir  
Valgerður Guðdóttir  
Fríðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir